

VS upplýsinga- og tæknimennt 6. bekkur

Kennarar: Helga Sigurðardóttir; Lára Gunndís Magnúsdóttir;
Sigrún Benediktsdóttir; Þyrey Hlífarsdóttir

6

Lýsing

Nemendur fá þjálfun í fingrasetningu og kynnast helstu atriðum í ritvinnslu og töflureikni. Gera æfingar sem tengjast því að afla gagna á netinu og vinna með heimildir. Gera verkefni í mynd- og hljóðvinnslu.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Fjölbreytt verkefni frá kennara. Samþætt verkefni með öðrum námsgreinum.

Námsmat

Verkefni metin reglulega yfir önnina, námsmatsskil einu sinni á önn við lok annar.

VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 6. bekk

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**

VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 6. bekk - Vinnulag og vinnubrögð

- Nýtt upplýsingaver sér til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum.
- Nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt.
- Nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám.
- Beitt rétttri fingrasetningu.
- Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum.

VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 6. bekk - Upplýsingaöflun og úrvinnsla

- Nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélur við markvissa öflun upplýsinga við hæfi.
- Unnið með heimildir og sett fram einfalda heimildaskrá.
- Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt.
- Nýtt hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmíða.
- Verið gagnrýninn á gæði ýmissa upplýsinga.

VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 6. bekk - Tækni og búnaður

- Nýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna.
- Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu.

VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 6. bekk - Sköpun og miðlun

- Rætt og útskýrt á gagnrýninn hátt eigið upplýsinga- og miðlun.

- Nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt.

VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 6. bekk - Siðferði og öryggismál

- Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og við heimildavinnu.
- Farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti- og netmiðlum.